



**Ávarp  
forseta Íslands  
Guðna Th. Jóhannessonar  
á ráðstefnu Stígamóta  
„Ofbeldismenn á Íslandi“**

**Reykjavík  
12. október 2023**

Forystusveit Stígamóta,  
ágætu áheyrendur.

Ég þakka þann heiður og þá ábyrgð að flytja ávarp við setningu þessarar ráðstefnu, „Ofbeldismenn á Íslandi“. Ég þakka Stígamótum fyrir að standa að henni. Auðvitað kysi ég helst að við þyrftum ekki að boða til viðburðar af þessu tagi en það væri óskhyggja. Til eru ofbeldismenn og við verðum að geta veitt fólki vernd gegn þeim. Vissulega er hægt að gera það á marga vegu en hér og nú verður sjónum beint að rótum ofbeldis og leiðum til þess að koma ofbeldismönnum á betri braut, fá þá til að láta af sinni óþolandi hegðun.

Frá upphafi vega hefur ofbeldi fylgt mannkyni. Er það okkur kannski eðlislægt? *Homo homini lupus*, sögðu Rómverjar til forna – maður er manni sem úlfur. Var þá átt við dýrseðli okkar allra og mætti þá jafnvel bæta við að manneskjan sé öðrum skepnum grimmari því að ofbeldi hennar getur verið tilgangslausara, hömlulausara og óskiljanlegra.

En er það virkilega svo að við mannfólkið þurfum sífellt að hemja í okkur eigingirni og sjálfselsku, grimmd og ofbeldi? Erum við ekki betri en það? Eitt sinn heillaðist ég af frásögn sem ég sá á netinu um mannfræðinginn Margaret Mead sem stundaði sín fræði á síðari hluta liðinnar aldar. Sagan mun vera í meginatriðum sönn en Mead var sumsé spurð að því hvað telja mætti fyrstu merki um menningu meðal mannkyns. Myndu það vera tilhöggvir steinar? Örvaroddar? Eða einhver önnur tól til að berjast með og verjast? Nei, svaraði hún, það myndi frekar vera ævafornt bein úr manni, lærleggur sem hafði brotnað

en verið búið um svo að greri um heilt. Lærbrotin manneskja gat ekki verið hópi fólks að gagni, jafnvel hættuleg með því að hægja á ferð hópsins. Því lægi beint við að yfirgefa hana og láta hana bíða örlaga sinna. En þarna hafði einhver lagt það á sig að hjálpa þeim sem var hjálpar þurfi. Samkenndin sigraði. Samhjálpin varð eiginhagsmunum yfirsterkari.

Ágætu áheyrendur: Ég vona að á þessari ráðstefnu verðum við öll margs vísari um ástæður ofbeldis og leiðir til að sporna við ofbeldi; að við styrkjumst í þeirri trú að ofbeldi liggja ekki í eðli okkar, að við getum tekist á við ofbeldi og ofbeldismenn þannig að þeir bæti ráð sitt.

Sérfræðingar og aðrir sem þekkja heim ofbeldis vel munu þannig stuðla að betra samfélagi. Þekking mun koma okkur að gagni. Það eru gömul sannindi og ný. Ég lýk máli mínu einmitt með því að vitna í vísðómsorð í þá veru, nær hálfrar aldar gömul:

Þekkingin er eign samfélagsins alls. Hún leysir úr fjötrum fáfræði og hindurvitna. Hún þokar vanþekkingunni brott svo að hún á ekki afturkvæmt, því að af þekkingu leiðir skilning. Á öllum sviðum þjóðlífsins ríkja bábiljur og hleypidómar, skapa það og móta, uns þekkingin berst. Aldrei hefur hún borist viðstöðulaust, hún krefst athafna og atorku þeirra er yfir henni búa og geta miðlað henni.

Þessi orð má finna í fyrstu stefnuskrá Samtakanna '78. Þótt margt hafi breyst til betri vegar frá því að þau litu dagsins ljós er enn verk að vinna. Enn geta ótti og vanþekking leitt til tortryggni og ofbeldis, meira að segja í garð þeirra sem vilja engum illt og ógna augljóslega ekki nokkrum sköpuðum manni. Meðal annars þess vegna er ráðstefna af þessu tagi svo mikilvæg. Megi aukin þekking verða okkur öllum að gagni.